

## Fréttabréf



### VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn kl. 20:00 þriðjudaginn 23. apríl 2002 í Norræna Húsinu.

Dagskrá fundarins:

1. Móbergið á Suðurskautslandinu. – Magnús Tumi Guðmundsson  
Sagt frá ferð til James Ross Eyjar
2. Myndir frá fjöllum og firningum – Snævarr Guðmundsson  
Frá m.a. Mýrdalsjökli, Grímsvötnum og Kerlingarfjöllum.

## MÓBERGIÐ Á SUÐURSKAUTSLANDINU SAGT FRÁ FERÐ TIL JAMES ROSS EYJAR

Í febrúar og mars síðastliðnum tók undirritaður þátt í leiðangri British Antarctic Survey til norðurhluta Antartíkuskagans. Tilgangur leiðangursins var að rannsaka móbergsfjöll á svæðinu, kortleggja þau, aldursgreina og ákvarða hvort þau eru mynduð í jöklum eða í sjó. Með þessum athugunum er ætlunin að kanna sögu Suðurskautsjökulsins lengra aftur í tímann en gert hefur verið fram að þessu. Farið var til James Ross Island sem er stór eyja við strönd Antartíkuskagans. Þar er landslag kunnuglegt með móbergsstöpum og jöklum sem margir ganga í sjó fram. Í erindinu á vorfundinum verður sagt frá ferðinni, rannsóknunum og Suðurskautsjöklinum. M.a. verður tæpt verður á þeim miklu breytingum sem hlýnun á Antartíkuskaganum á 20. öld hefur valdið, m.a. uppbroti íshellna. Svo vildi einmitt til að Larsen B íshellan, sem var á stærð við hálfan Vatnajökul, brotnaði upp og flaut á haf út meðan á ferðinni til James Ross Eyju stóð.

Magnús Tumi Guðmundsson

## HLAUP ÚR GRÍMSVÖTNUM Í SKEIÐARÁ

Þegar þetta er ritað stendur yfir hlaup úr Grímsvötnum. Fyrstu merki um að hlaup væri í nánd greindust bæði með tíðari smáskjálftum á svæðinu og í aukinni rafleiðni árvatnsins í Skeiðará. Samkvæmt upplýsingum frá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands var vatnshæð í Grímsvötnum rúmlega 1400 m y.s. og vatnsmagn í Grímsvötnum 0.4-0.5 km<sup>3</sup> í upphafi hlaupsins. Rennsli Skeiðarár byrjaði að aukast laugardaginn 13. apríl, um 3 dögum eftir að vart varð við aukna rafleiðni árvatnsins og virðist rennslið hafa náð hámarki upp úr hádegi mánudaginn 15. apríl en þá mældist það um 630 m<sup>3</sup>/s. Gerðar voru 4 rennismælingar og tekin jafn mörg aurburðarsýni í hlaupinu. Eitt efnasýni var tekið nokkru áður en hlaupið náði hámarki.

Sverrir Óskar Elefsen

## NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR 2002

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn í Norræna Húsinu þann 26. febrúar síðastliðinn. Niðurstöður fundarins voru sem hér segir:

Stjórn félagsins er skipuð á sama hátt og áður:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður  
Steinunn Hauksdóttir, varaformaður  
Halldór Gíslason, ritari  
Garðar Briem, gjaldkeri  
Ástvaldur Guðmundsson, meðstjórnandi

Í varastjórn eru: Bryndís Brandsdóttir, Hannes Haraldsson, Sverrir Óskar Elefsen og GP

Þá var 10. grein laga félagsins breytt og hljóðar hún nú þannig:

“10. grein

Stjórnin skipar, að loknum aðalfundi, í fimm aðalnefndir og setur þeim erindisbréf. Þær eru:

1. Rannsóknnefnd
2. Ritnefnd Jökuls
3. Skálanefnd
4. Ferðanefnd
5. Bílanefnd

Skipan stjórnar og nefnda skal birt í fyrsta fréttabréfi að loknum aðalfundi.”

Hægt er að skoða lög félagsins í heild á eftirfarandi vefslóð:  
<http://www.jorfi.is/log.htm>

Skipan nefnda er ekki lokið og því ekki hægt að greina frá henni í þessu fréttabréfi.

## SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2001

Árið 2001 var í hlýrra lagi en þó var sumarið svalt einkum framan af norðanlands. Snjóalög á hálendinu veturinn 2000-2001 voru með minnsta móti nema á Norður- og Austurlandi þar sem snjóaði drjúgt. Af þessum sökum rýrnuðu jöklar að undanteknum þeim vestfirsku, jökulum við Eyjafjörð og á Austfjörðum. Afkoma Hofsjökuls var neikvæð sjöunda árið í röð og er þess farið að gæta sjáanlega í ummáli jökulsins. Þrándarjökull bætti hins vegar við sig þetta árið.

Jöklamælingamenn vitjuðu að þessu sinni jökulsporða á 50 stöðum. Í þetta sinn mjakaðist aðeins einn jökull fram. Það var Leirufjarðarjökull sem mældist 10 m framar nú en í fyrra. Ásgeir Sólbergsson, sem hefur margmælt sporðinn meðan á þessu framhlaupi hefur staðið, telur að nú hljóti jöklinum að vera þrotið örendið og fari hann að hopa eins og aðrir jöklar á næsta ári. Mæling á 4 stöðum reyndist sú sama og í fyrra en í þeim tilvikum er jökullinn á bak við að lækka og er einungis hlíft frá bráðnun af aurlagi eða snjó sem hylur sporðinn. Hvarvetna annars staðar hoga jökulsporðar og verður ástandinu helst líkt við óðabráðnun jökla á fjórða áratug 20. aldar. Þó skal ítrekað að síðast liðið ár var jökulum á norðanverðu landinu og á Austfjörðum ekki óhagstætt þótt ekki dygði það til framskríðs. Í haust lögðu hjónin Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson leið sína að Sléttjökli í Mýrdalsjökli norðanverðum og mældu sporðinn þar. Þau ætla að sinna því verki á næstu árum og er það vissulega forvitnileg viðbót í kerfi félagsins. Smári Sigurðsson á Akureyri lagði Ingimar Árnasyni lið og mældi Rjúpnabrekkujökul nú í annað sinn. Virðist sporðurinn vera að hopa frá aurbingjunum sem eru mydarlegi þar en víða annars staðar.

Eftir 7 ára afhroð hafa jöklar nú víða styst um það sem þeir gengu fram á kuldatímabilinu sem hófst á hafísárunum á 7. áratug síðustu aldar. Nánast allir jöklar á landinu eru að stytast og sumir verulega. Meðal þeirra sem standa nú aftar en nokkru sinni fyrir síðan mælingar hófust eru Skeiðarárjökull austanverður, Skaftafellsjökull, Falljökull, Kvíárjökull, Fjallsjökull (allir í Örafum), Fláajökull í Austur-Skaftafellssýslu, jöklarnir í Hornafirði og Nauthagajökull í Hofsjökli. Breiðamerkurjökull hefur nokkra sérstöðu meðal íslenskar jökla því að hann er sá eini sem hefur hogað án afláts alla 20. öldina og ekki sýnt nein merki þess að vilja stækka á köldu árunum.

Oddur Sigurðsson

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Sverrir Óskar Elefsen